ÚTBOÐ

Rafmagnsveitur ríkisins

óska eftir tilboðum í eftirtalið efni:

1. Línuefni fyrir Vesturlínu
   - Vír — útboð nr. 79034
   - einangrar — útboð nr. 79035
   - klemmur — útboð nr. 79036
   - þverslár — útboð nr. 79037

2. Línuefni fyrir Vopnafjarðarlínu
   - Vír — útboð nr. 79038
   - einangrar — útboð nr. 79039
   - klemmur — útboð nr. 79040
   - þverslár — útboð nr. 79041

3. Spjaldloki fyrir Gönguskarðsárvirkjun, útboð nr. 79032

4. Hlífðarhólkar fyrir sæstreng útboð br. 79042

Útboðsgögn fást efhent á skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 28. ágúst 1979 gegn óafturkræfri greiðslu kr. 5000,- fyrir hvert eintak útboða samkvæmt liðum 1-2 og kr. 1000,- hvert eintak samkvæmt liðum 3-4.
Tilboðum samkvæmt liðum 1-2 skal skila fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn 20. september n.k. en þau verða opnuð kl. 14.00 sama dag.
Tilboðum samkvæmt liðum 3 og 4 skal skila mánudaginn 10. sseptember n.k. Tilboð samkvæmt lið 3 verður opnað kl. 10.00 og tilboð samkvæmt lið 4 kl. 14.00 sama dag.
Væntanlegir bjóðendur geta verið viðstaddir opnun tilboða.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Tökum að okkur

viðgerðir og nýsmíði á fasteignum. Smíðum eldhúsinnréttingar: einnig viðgerðir á eldri innréttingum. Gerum við leka vegna steypugalla.
Verslið við ábyrga aðila

TRÉSMIÐAVERKSTÆÐIÐ
Bergstaðastræti 33,
simar 41070 og 24613



Blikkiðjan

Ásgarði 7, Garðabæ

Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði. Gerum föst verðtilboð

SÍMI 53468


Grunnskólar Hafnarfjarðar

Upphaf skólastarfs 1979 - 1980

3. sept.: Kennarafundir í skólanum kl. 14.
6. sept.: Mæting nemenda, stundaskrár afhentar. Fjórði bekkur kl. 10, þriðji bekkur kl. 11, annar bekkur kl. 13, fyrsti bekkur kl. 14.
7. sept.: Sjötti bekkur kl. 9, fimmti bekkur kl. 10.
10. sept.: Nemendur áttunda bekkjar komi kl. 9. Nemendur sjöunda bekkjar komi kl. 10. Sex ára börn komi í skólana 14. sept. kl. 15.
Innritun nýrra nemenda fer fram í skólunum frá og með 28. ágúst.

Fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar

Hreint land — fagurt land




„Vögguvísa" Elíasar Mar í skólaútgáfu

Út er komin á vegum IÐUNNAR skólaútgáfa af skáldsögunni Vöggusísu eftir Elías Mar. Eysteinn Þorvaldsson annaðist útgáfuna.

Vögguvísa, sem hefur undirtitilinn **Brot úr ævintýri**, kom fyrst út 1950. Vakti sagan þá mikla athygli og er án efa kunnasta verk Elíasar Mar. Hún fjallar einkum um unglinga í Reykjavík á þeim árum og greinir frá innbroti sem nokkrir piltar fremja og áhrifum þess. Sagan lýsir reykvísku samfélagi fyrstu árin eftir stríð, og meðal annars er hún auðug heimild um lífshætti og málfar unglinga á þeim tíma.

Eysteinn Þorvaldsson ritar formála þessarar útgáfu og hefur tekið saman skýringar og athugunarefni sem ætlað er skólanemum. **Vögguvísa** er fimmtánda bókin í flokknum **Íslensk úrvalsrit í skólaútgáfum**. Hún er 120 bls. prentuð í Odda. Á kápu er brot úr eiginhandarriti höfundar að uppkasti sögunnar. — Næsta bók í þessum flokki verður skáldsagan **Yfirvaldið** eftir Þorgeir Þorgeirsson í útgáfu Kristjáns Jóhanns Jónssonar.



Níels við eitt verkanna á sýningunni, tréskúlptúr sem samanstendur af 223 einingum, röðuðum í níu kerfi. Engar tvær einingar eru eins.
Ljósm. -eik.

Níels á Kjarvalsstöðum

Sýning Níelsar Hafsteins er opin að Kjarvalsstöðum kl. 2-10 daglega.
Níels sýnir nokkra skúlptúra, unna í tré og stál, og eru það allt ný verk. Sýningin var opnuð í fyrrakvöld og henni lýkur 9. september.

— ih



„Stalín er ekki hér" í skólaútgáfu

Bókaútgáfan IÐUNN hefur sent frá sér skólaútgáfu á leikriti Vésteins Lúðvíkssonar, **Stalín er ekki hér**. Heimir Pálsson annaðist útgáfuna.

Stalín er ekki hér var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í nóvember 1977 og kom samtímis út á bók. Vakti leikritið þegar verulega athygli og umræður og hlaut mikla aðsókn. Margir skólar tóku það þá til lestrar. Ennfremur var leikritið sýnt á vegum Leikfélags Akureyrar snemma á þessu ári.

Heimir Pálsson ritar ítarlegan formála að þessari nýju útgáfu. Er þar meðal annars fjallað um félagslegt raunsæi og afstöðu höfundar til þess, gerð grein fyrir tilurð verksins og sögulegu baksviði. Aftast eru nokkur verkefni og athugunarefni í sambandi við lestur leikritsins, svo og skrá um blaðagreinar þar sem fjallað er um það frá ýmsum hliðum.

Stalín er ekki hér er fjórtánda bókin í flokknum **Íslensk úrvalsrit í skólaútgáfum**. Hún er 120 bls., prentuð í Odda. Á kápu eru myndir úr sýningu Þjóðleikhússins á leikritinu.

Bæjarstjórn Kópavogs

Mótmælir skattlagningu á íbúa hitaveitusvæða

Í tilefni umræðna um vanda þeirra er búa við upphitun með olíu samþykkti bæjarráð Kópavogs á fundi sínum þann 31. júlí sl. eftirfarandi:

„Bæjarráð viðurkennir nauðsyn þess að létta byrðar þeirra, sem neyðast til að kynda hús sín með olíu, en mótmælir harðlega öllum hugmyndum um sérstaka og beina skattlagningu á þá sem búa á hitaveitusvæðum."

Bæjarstjórn Kópavogs staðfesti framangreinda ályktun á fundi sínum þann 17. ágúst sl.

Pípulagnir

Nýlagnir, breytingar, hitaveitutengingar.
Sími 36929 (milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 7 á kvöldin)